Sauðárkróki, 24. maí 1949.

Herra Kári Sigurðsson
Hverfisgötu 41.

Síðast liðið sumar komuð þér til mín út af ~~Stefáns G.~~ minnisvarða Stefáns G. Það sem gerst hefir í þessu máli síðan er það helst að Ríkharður Jónsson hefir gert líkan af væntanlegum varða á Arnarstapa, ~~og~~ erum við nýbúnir að fá það hingað norður og var það til sýnis á aðalfundi Ungmenna-sambandsins, sem var haldinn hér um síðustu mánaðamót. Fundarmönnum leist mjög vel á þessa hugmynd og var samþ. að vinna að framgangi hennar svo að varðinn yrði fullgerður árið 1953. Samkv. þessari tillögu verður þetta hlaðinn varði 4 m. há og skiptist hún í þrennt með stuðlabergshellum. Í hverjum reit hennar verður svo einn stór steinn með áhöggnum myndum og ljóðlínum.

Þar sem við erum nú búnir að fá þetta líkan, munum við reyna að koma þessari

hug mynd á framfæri í sumar, svo að þeir sem áhuga hafa á þessu máli fái frekar tækifæri til að leggja því lið á ýmsan hátt.

Ef þér komið hingað norður í sumar, væri gaman að fá að ræða við yður um þetta. Svo getur farið að ég verði þá ekki heima, en hvarfan er ~~geymd hjá~~ í vörslu Eyþórs Stefánssonar og mundi honum sönn ánægja að sýna hana þeim, sem áhuga hefðu á, enda er hann formaður Stefáns G. nefndarinnar og aðal driffjöður hennar.

Það mætti margt segja meira um þetta, en að sinni læt ég þetta duga.

Með beztu kveðju

Guðjón Ingimundarson